

46. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 25. apríl 2017 og hófst hann kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Kristín Hálfðánsdóttir aðalmaður, Jóna Símónía Bjarnadóttir varamaður, Helga Dóra Kristjánsdóttir áheyrnarfulltrúi, Gísli Elís Úlfarsson aðalmaður og Hildur Dagbjört Arnardóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi og Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi.

Dagskrá:

1. Sorpmál 2018 - útboð - 2016090021

Lagt fram minnisblað tæknideildar dags. 18.4.2017 um áhersluatriði í sorpmálum.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd felur tæknideild að vinna málið áfram í samræmi við minnisblaðið.

2. Göngustígar í Ísafjarðarbæ - 2016070002

Lögð fram breytingartillaga um gönguleiðir fyrir aðalskipulagsbreytingar.

Frestað.

3. Græn vika 2017 - 2017020091

Lagt fram til kynningar bréf Ralfs Trylla umhverfisfulltrúa Ísafjarðarbæjar dags. 7.4.2017 varðandi Græna viku í Ísafjarðarbæ.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd felur umhverfisfulltrúa að gera dagskrá fyrir Græna viku 2017 og auglýsa á heimasíðu Ísafjarðarbæjar.

4. Umhverfisstefna 2017 - 2017030051

Á 45. fundi sínum, 11. apríl sl. tók umhverfis- og framkvæmdanefnd fyrir drög að Umhverfisstefnu Ísafjarðarbæjar og vísaði málinu til afgreiðslu í bæjarráði.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 972. fundi sínum, 24. apríl sl., og óskaði eftir ítarlegri útfærslu á Umhverfisstefnu Ísafjarðarbæjar og vísar málinu aftur til umhverfis- og framkvæmdanefndar til frekari úrvinnslu.

Frestað.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Kristín Hálfðánsdóttir

Jóna Símónía Bjarnadóttir

Helga Dóra Kristjánsdóttir

Gísli Elís Úlfarsson

Hildur Dagbjört Arnardóttir

Ralf Trylla

Brynjar Þór Jónasson